

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 52/2013**

2013/EES/37/27

frá 22. janúar 2013

**um breytingu á XI. viðauka b við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 að því er varðar
hálfreyðandi vín, loftblandað, hálfreyðandi vín og hreinsað þrúgumustsþykkni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 113. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 113. gr. d í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 eru í XI. viðauka b við þá reglugerð skráðir þeir flokkar vinnræktarafurða sem nota má innan Sambandsins til setningar á markað á afurð sem samræmist skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.
- 2) Að því er varðar hálfreyðandi vín og loftblandað hálfreyðandi vín er mælt fyrir um í 8. og 9. lið XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 að þessi vín skuli fengin úr víni. Í samræmi við 17. og 18. lið I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín ⁽²⁾ mega þessar afurðir þó einnig vera fengnar úr öðrum afurðum sem henta til framleiðslu víns. Umbótunum á vingeiranum, sem innleiddar voru með reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 ⁽³⁾, var ekki ætlað að breyta skránni yfir afurðir sem notaðar eru til að fá fram hálfreyðandi vín eða loftblandað, hálfreyðandi vín. Því er nauðsynlegt að mæla aftur fyrir um að hálfreyðandi vín og loftblandað, hálfreyðandi vín megi einnig vera fengið úr nýju víni sem er enn í gerjun, úr þrúgumusti eða úr þrúgumusti sem er í gerjun.
- 3) Nýtt verklag við framleiðslu á hreinsuðu þrúgumustsþykkni skal gera það kleift að fá fram kristallað, hreinsað þrúgumustsþykkni. Í skilgreiningunni á hreinsuðu þrúgumustsþykkni, sem sett er fram í 14. lið XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007, er einungis gert ráð fyrir fljótandi formi. Breyta skal skilgreiningunni á hreinsuðu þrúgumustsþykkni til að hún nái yfir kristallaða formið.
- 4) Því ber að breyta XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar sem

komið var á fót skv. 3. mgr. 195. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2007.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum XI. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar 8. liðar komi eftirfarandi:

„a) er fengin úr víni, nýju víni sem enn er í gerjun, þrúgumusti eða þrúgumusti sem er í gerjun að því tilskildu að heildaralkóhólstyrkleiki þessara afurða sé ekki minni en 9% miðað við rúmmál,“

2. Í stað a-liðar 9. liðar komi eftirfarandi:

„a) er fengin úr víni, nýju víni sem enn er í gerjun, þrúgumusti eða þrúgumusti sem er í gerjun,“

3. Í stað 14. liðar komi:

„14. **Hreinsað þrúgumustsþykkni**

„Hreinsað þrúgumustsþykkni er:

a) fljótandi, óbrennd afurð sem:

- i. er fengin með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð, annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð, sem verður lýst í samræmi við 120 gr. g, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 61,7%,
- ii. hefur farið í gegnum leyfilega meðferð til afsýringar og fjarlægingar á öðrum innihaldsefnum en sykri,
- iii. hefur eftirfarandi einkenni:
 - pH-gildi er ekki yfir 5 við 25 Brix-gráður,
 - ljóspéttni er ekki yfir 0,100 í þrúgumusti sem er þykkt í 25 Brix-gráður við 425 nm og 1 cm þykkt,
 - súkrósainnihaldið er ógreinanlegt með greiningaraðferð sem verður skilgreind nánar,
 - Folin-Ciocalteau-tölu sem er ekki hærri en 6,00 við 25 Brix-gráður,
 - títranlegt sýruinnihald er ekki yfir 15 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - innihald brennisteinsdíoxíðs er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - heildarinnihald plúsjóna er ekki yfir 8 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 20, 23.1.2013, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2013 frá 14 júní 2013 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

- eðlisleiðni við 25 Brix-gráður og 20 °C er ekki hærri en 120 µS/cm,
 - hýdroxýmetylfúrfúralinnihald er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - mesóínósítól er fyrir hendi,
- b) föst, óbrennd afurð sem:
- i. er fengin með kristöllum fljótandi, hreinsaðs þrúgumustsþykknis án notkunar leysa,
 - ii. hefur farið í gegnum leyfilega meðferð til afsýringar og fjarlægingar á öðrum innihaldsefnum en sykri,
 - iii. hefur eftirfarandi einkenni eftir þynningu í lausn við 25 Brix-gráður:
 - pH-gildi er ekki yfir 7,5,
 - ljóspéttni við 425 nm er ekki yfir 0,100 við 1 cm þykkt,
- súkrósainnihaldið er ógreinanlegt með grein-ingaraðferð sem verður skilgreind nánar,
 - Folin-Ciocalteau-tala er ekki hærri en 6,00,
 - títranlegt sýruinnihald er ekki yfir 15 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - innihald brennisteinsdíoxíðs er ekki yfir 10 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - heildarinnihald plúsjóna er ekki yfir 8 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - eðlisleiðni við 20 °C er ekki hærri en 120 µS/cm,
 - hýdroxýmetylfúrfúralinnihald er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,
 - mesóínósítól er fyrir hendi.
- Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki hreinsaðs þrúgumustsþykknis má vera allt að 1% miðað við rúmmál.“
- 2. gr.*
- Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
